

## Umsögn um skýrsluna

### *Skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar- Áherslur og tillögur starfshóps-*

Í skýrslunni, sem er frá febrúar 2016, eru tillögur varðandi skipulag á námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum Hafnarfjarðar í samhengi við endurskoðun á sérúrræðum / sérdeildum við grunnskóla Hafnarfjarðar. Þar kemur fram að dregið verði úr starfsemi þeirra sérdeilda sem nú eru starfræktar í Hafnarfirði og stefnt að lokun þeirra á grundvelli markmiða laga og reglugerða um skóla án aðgreiningar. Á fundi fræðsluráðs miðvikudaginn 6. apríl óskaði fræðsluráð eftir umsögnum skóla varðandi skýrslu starfshóps um sérúrræði. Sjö manna hópi var falið að koma með umsögn fyrir 27. apríl 2016 fyrir hönd Hvaleyrarskóla.

#### *Endurskoðun á sérúrræðum við grunnskóla Hafnarfjarðar*

Það mikilvægasta í stefnunni um skóla án aðgreiningar er að sinna þörfum einstaklinganna. Í skýrslunni segir að forsenda boðaðra skipulagsbreytinga sé „að þeim fylgi nauðsynlegar bjargir sem snúa að fjármagni, viðeigandi húsnæði, faglegrri hæfni og gæðum í þjónustu við alla nemendur“ (bls. 5). Til þess að sinna þörfum allra nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í hverjum hverfissskóla fyrir sig þarf aukið fjármagn ef tryggja á að nemendur sem hafa verið með góða þjónustu í sérdeild fái sömu góðu þjónustuna í hverfissskólanum og fögnum við því að í skýrslunni sé gert ráð fyrir að aukið fjármagn komi í skólana.

Til þess að vel takist til þarf að aðlaga kennsluáðferðir að margvíslegum þörfum nemenda og kallar það á fjölgun á fagmenntuðu starfsfólki. Það er vitað að nemandi í sérdeild þar sem einn til tveir nemendur eru í umsjón fagmenntaðs kennara eða þroskaþjálfra með námsumhverfið skipulagt í þaula fær mun betri þjónustu en nemandi með sams konar þarfir í almennum bekk. Þar bætist við meira áreiti og aðeins einn kennari að vinna með fjölbreyttan nemendahóp að margvísnum verkefnum. Tökum sem dæmi nemendahóp í Klettaskóla, í honum eru átta nemendur sem eru með fjóra fagmenntaða kennara / þroskaþjálfra sér til aðstoðar auk stuðningsfulltrúa. Þessi þörf hefur því miður ekki verið viðurkennd í almennum skólum hingað til og því er mikill munur á þjónustu t.a.m. við einhverfan nemanda í sérdeild og einhverfan nemanda í almennum grunnskóla.

Starfshópurinn sem stóð að skýrslunni leggur til að móttökudeild Lækjarskóla taki ekki við nýjum nemendum frá 1. janúar 2017 og vill að mótaðar verði skýrari viðmið um gæði

þjónustu við tví / fjöltyngda nemendur. Við getum tekið undir tillögurnar (sjá bls. 19) verði þær allar að veruleika.

### *Aukin ráðgjöf og stuðningur*

Í skýrslunni er bent á að samhliða stjórnkerfisbreytingum eins og að leggja niður sérdeildir sé þörf á auknum stuðningi sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins, svo sem viðeigandi kennsluráðgjöf og frekari viðmiðum um gæði náms og kennslu en gert er ráð fyrir að breytingar á skipulagi muni taka nokkur ár.

Við erum sammála því að mikilvægt sé að auka ráðgjöf og stuðning við kennara og nemendur innan hvers og eins skóla. Það er ekki auðvelt að kenna stórum hópi nemenda með margvíslegar þarfir nema að til komi stuðningur og ráðgjöf annarra fagaðila. Kennarar þurfa betri aðgang að sérfræðiþjónustu en hefur verið í boði. Má nefna í því sambandi að sálfræðingur kemur í okkar skóla tvo daga í viku. Hann sér fyrst og fremst um greiningarvinnu. Það eitt og sér er ágætt en ekki á nokkurn hátt fullnægjandi. Sálfræðingurinn fer ekki inn í bekki til að veita þar stuðning eða ráðgjöf né er með eftirfylgd eftir greiningu hvort sem það er greining á námsvanda eða hegðunarvanda. Brynt er að fá ráðgjöf inn í starfið ásamt faglegum stuðningi, því annars er hætta á flóttu kennara úr stéttinni. Það er staðreynd að vandi nemenda getur haft áhrif á líðan kennara og getur valdið miklu álagi og kulnun í starfi.

Við tökum undir með skýrsluhöfundum sem segja að til að mæta þörfum allra nemenda þurfi að efla fagþekkingu í hverjum skóla og einnig að vera til staðar fjölbreytt rými fyrir bekkjarkennslu, einstaklingsvinnu og námsver (bls. 16).

### *Hugleiðingar vegna fyrirhugaðra lokana sérdeilda*

Þess er getið í skýrslunni (bls. 9) að í grunnskólalögum sé heimild fyrir því að sveitarfélög geti starfrækt sérúrræði eða sérskóla vegna nemenda með sérþarfir og það sé á forræði hvers sveitarfélags að ákveða hvort það nýti sér lagaheimildirnar. Hafnarfjarðarbær starfrækir nú fimm sérúrræði fyrir rúmlega 70 nemendur og vísbendingar eru um að nemendum sé að fjölga sem þurfi sérúrræði. Aldrei hafa verið fleiri nemendur í sérdeildum og sérskólum utan Hafnarfjarðar heldur en í vetur. Haustið 2015 voru þeir 17 og þar af 15 í Klettaskóla (bls.14). Það er sjónarhorn höfunda skýrslunnar að það eigi að taka ný skref í þróun skólastarfs sem miði að minni aðgreiningu og í skýrslunni er lagt til að sérdeildir víki fyrir ábyrgð hins almenna grunnskóla.

Við í rýnihópnum teljum að það þurfi að fara mjög varlega í að loka sérdeildum, eins og lagt er til í skýrslunni að verði gert. Þar sem niðurskurður og ónægur stuðningur nemenda sem þurfa sérstakan stuðning í almennum skólum hefur verið viðloðandi þjónustu við þennan hóp nemenda á undanförunum árum er hætta á að með lokun sérdeilda verði skerðing enn meiri og þjónustan við þessa viðkvæmu nemendur einnig. Mikil vinna hefur verið lögð í að byggja upp sérdeildirnar í Hafnarfirði og væntanlega liggur þar mikil sérþekking. Í almennum grunnskólum eru nú þegar einstaklingar með alvarlegar raskanir sem hafa ekki fengið þá þjónustu sem þeim ber. Má þar nefna nemendur sem þyrftu manninn með sér en það hefur ekki verið hægt að verða við því sökum fjárskorts. Það vill oft gleymast hve erfitt er að eiga við bæði hegðunar- og tilfinningavandamál nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda, sem bætist oftast en ekki við aðrar þarfir.

Það má einnig benda á að með því að loka sérdeildunum og fá fleiri nemendur inn í hverfisskólana sem þurfa á sérstökum stuðningi á að halda verður námsmat flóknara sem og einstaklingsnámskrár og teymisfundir tíðari. Þá þarf að taka það með í reikninginn að foreldrasamstarf verður meira og það er mikilvægt að sinna því vel. Fjölskyldur nemenda eru afar ólíkar sem og aðstæður þeirra og þar af leiðandi er sá stuðningur sem þær þarfnast mismunandi. Skólinn þarf því að vera í stakk búinn að taka vel á móti foreldrum nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og gefa kennurum aukið svigrúm og tíma til að koma á nauðsynlegu samstarfi við foreldra. Síðast en ekki síst þá þarf að gefa kennurum meira svigrúm til að skipuleggja nám einstakra nemenda og ekki síður svigrúm og tíma til funda með þeim fagaðilum sem koma að nemandanum.

### *Stefnan um skóla án aðgreiningar*

Stefnan Skóli án aðgreiningar eða skóli margbreytileikans er vissulega byggð á því jafnrétti, umburðarlyndi, víðsýni og því félagslega réttlæti, sem við leggjum áherslu á í öllu skólastarfi. Hins vegar má ekki gleyma því mikilvæga atriði, að það sem hún fyrst og fremst stendur fyrir **er frelsi einstaklinga til að ganga í þann skóla sem hentar þeim best, hvort sem það er almennur grunnskóli eða sérskóli.** Menntun án aðgreiningar ætti ekki að snúast um að útrýma sérskólum og sérdeildum til þess að allir hljóti menntun innan sömu stofnunar, heldur á áherslan fremur að vera á það að hver og einn eigi möguleika á að stunda nám sitt á þeim stað og við þær aðstæður sem hentar viðkomandi best, hvort sem sá staður er almennur skóli eða sérskóli. Skóli án aðgreiningar, eða nám án aðgreiningar á fyrst og fremst að snúast um það að einstaklingar sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda eigi ekki aðeins rétt á því að vera í skóla,

heldur eigi þeir rétt á því **að velja** á milli þess að vera annað hvort í almennum grunnskóla eða sérskóla / sérdeild. Þetta er í samræmi við grunnhugmynd Salamanca yfirlýsingarinnar, sem var að stefna ætti að markmiðum skóla án aðgreiningar þar sem hægt væri og þar sem það hentaði (Menntamálaráðuneytið, 1995, 3. grein). Var gert ráð fyrir því í upphafi að það væri ekki alltaf mögulegt að hafa alla skóla algjörlega án aðgreiningar og að það væri ekki endilega alltaf besta eða eina lausnin. Í skýrslunni (bls. 8) er vísað til Salamanca yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, en þessi hluti yfirlýsingarinnar virðist hins vegar gjarnan eiga það til að gleymast í umræðum um stefnuna.

Skýrsluhöfundarnir telja að vinna með nemendur með sérþarfir snúist ekki eingöngu um þá nemendur sem eiga erfiðast með að fylgja aðalnámskrá heldur einnig um „bráðgera og hæfileikaríka“ nemendur og mikilvægt sé að hver skóli marki sér stefnu og áherslu í kennslu allra nemenda (bls. 16). Það er ekki fjallað frekar um hvernig staðið skuli að því en ljóst er að aukið fjármagn þarf í öll þau fjölbreyttu verkefni sem þarf að leysa til að geta náð að uppfylla þarfir allra nemenda á víðfemu sviði skólastarfs. Þótt að starfshópurinn leggi til í skýrslunni að sérdeildir víki fyrir ábyrgð hins almenna grunnskóla varar hann við (bls. 16) að þær verði lagðar niður nema með samhliða faguppbyggingu í hverjum skóla og á milli skóla með viðeigandi tilhliðrun á fjármagni frá sérdeildum til grunnskólanna á sama tíma. Einnig kalla skýrsluhöfundar eftir sérstöku fjármagni til stjórnunar vegna aukinna verkefna skólanna og telja að endurskoða þurfi reglur um tímaúthlutanir vegna sérstaks stuðnings við nemendur (bls. 17).

Við látum hér lokið okkar umfjöllun, en leggjum til að skýrslan verði kynnt fyrir öllu starfsfólki skólans. Markmiðið með skýrslunni er að skólasamfélagið ræði um hvernig tillögunum verði best komið í framkvæmd og að ekki verði farið í handahófskenndar aðgerðir (bls. 20) en til þess þarf lengri tíma en hér hefur verið gefinn.

Hópin skipuðu:

Marsibil Ólafsdóttir aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngstu deildar

Sigrún Einarisdóttir deildarstjóri elstu deildar

Steinar Stephensen deildarstjóri miðdeildar

Aldís Eðvaldsdóttir verkefnastjóri stoðþjónustu

Guðríður Eyvindardóttir þroskaþjálfari

Helga Gunnarsdóttir verkefnastjóri nýbúafræðslu

Helga Konráðsdóttir náms- og starfsráðgjafi.